

29
15. júní

LÖG

um

líkhús.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar söfnuður samþykkir að reisa líkhús í kirkjugarði sínum, skal
með það farið, að því er snertir samþykt verksins og umsjón með því og niður-
jöfnun kostnaðar, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkju-
garða og viðhald þeirra. Um innheimtu gjalda, er á verða lögð samkvæmt
lögum þessum, skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 40, 30. júlí 1909,
um sóknargjöld.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.